



Landbúnaðarháskóli Íslands

Tilraunastöðin Möðruvöllum

Óseyri 2, 603 Akureyri Sími: 460 44 77 Fax: 460 44 78

Tölvupóstfang: beg@lbhi.is

Skýrsla til Náttúruverndarnefndar Eyjafjarðarsveitar vegna eyðingar á skógarkerfli

Í átaki Eyjafjarðarsveitar við eyðingu á skógarkerfli árið 2008 tók undirritaður að sér fyrir hönd Landbúnaðarháskóla Íslands, að veita faglega ráðgjöf um aðferðir og gera úttekt á árangri átaksins.

Af þessu tilefni fór ég í stutta skoðunarferð með verktakanum Gretti Hjörleifssyni þann 29. ágúst 2008. Sýndi hann mér nokkur svæði sem tekin voru til meðferðar og lýsti þeim aðferðum sem hann hafði beitt. Í lok þessarar skoðunar tók ég saman eftirfarandi atriði:

- 1) Viðfangsefnið var miklu **viðameira** en ég hafði gert mér grein fyrir. Kerfillinn hafði meðal annars breiðst mikið út eftir vegköntum, giljum, skurðum og lækjarfarvegum, aðallega í sveitarfélaginu austanverðu. Einnig hafði hann sums staðar náð fótfestu meðfram hitaveitulögninni.
- 2) Grettir hafði tekist á við verkefnið **af mikill festu** og dugnaði og meðal annars fjárfest í nýjum og stórvirkum búnaði. Ég hef bent aðilum utan Eyjafjarðarsveitar á að hafa samband við hann ef þau hyggja á herferðir gegn skógarkerfli.
- 3) Grettir hafði að mestu leyti notað **gjöreyðingarlyfið Roundup** og þá vörumerkið Clinic. Einnig hafði hann prófað að herfa land sem var algróið skógarkerfli.
- 4) Herfingin kom að litlu gagni ein og sér, en **úðun** með Clinic hafði tekist frábærlega, víðast var kerfillinn aldaður og eftir stóð jörð þakin dauðum plöntum. Sama virtist á hvaða tíma úðað var, en mikilvægt er áreiðanlega að úða snemma áður en plöntur mynda fræ.
- 5) Víða var **fræ að spíra** eftir úðun og nýgræðingur að ná sér á strik, einkum fræplöntur af skógarkerfli, stundum bara ein og ein planta. Það sýnir að ein úðun nægir ekki.
- 6) Á nokkrum stöðum mátti sjá árangur af **tveggja ára úðun**. Sums staðar, svo sem á Syðri-Tjörnum, var engar skógarkerfilsplöntur að sjá, og virtist þar svo sem tveggja ára meðferð nægdi. Grettir taldi sig þó sjá sums staðar merki um að tveggja ára úðun hefði ekki nægt.

- 7) Nokkur svæði hafa ekki verið tekin til meðferðar og er Kaupangur sennilega stærsta svæðið sem varð **útundan**.
- 8) Af framanskráðu er ljóst að **verkefnið hefur tekist ljómandi vel, en mjög áriðandi er að fylgja því eftir** að minnsta kosti í eitt eða tvö ár í viðbót, sennilega þrjú til fjögur ár með minnkandi umfangi. Eðlilegast væri að fá Gretti til að fylgja því eftir vegna þess að hann er vanur og er með búnað til verksins og einnig þekkir hann nú vel skógarkerfilssvæðin í sveitarfélaginu og slóðir sem að þeim liggja.

Akureyri 4. september 2008

Bjarni E. Guðleifsson
Landbúnaðarháskóla Íslands
Möðruvöllum
601 Akureyri